# ÍSAN1GB05

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2023

Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

| Kennari: | **Sigþrúður Harðardóttir** |
| --- | --- |

**Áfangalýsing:**
Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

**Undanfari:** Reiknað er með að nemendur hafi lokið ÍSAN1GA05.

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokkum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum.
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta (fréttir, sögur)
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

**Námsefni:**

- Verkefnablöð frá kennara
- Íslenska fyrir okkur hin (kláruð)
- Kæra dagbók 2 og 3 (námsefni frá MMS)
- Hitt og þetta (námsefni frá MMS)
- Fréttir, blaðagreinar og annað efni af vef
- Menntamálastofnun – léttlestrarbækur og verkefni
- Hlustun og áhorf (af vef RUV o.fl.)

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

| Vika | Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|---|
| 1.-4. | 2. janúar – 29.janúar | • Lesskilningur, ritun og málnotkun<br>• Tónlistar- og textaverkefni<br>• Hlustun og áhorf | Hlustunarverkefni<br>Ritunarverkefni<br>Munnleg kynning<br>Lesskilningspróf |
| 5.-8. | 30. janúar-26. febrúar | • Lesskilningur, ritun og málnotkun<br>• Hlustun og áhorf<br>• Dagbókarskrif og önnur ritun<br>• Málfræðiverkefni | Próf úr „Kæra dagbók“<br>Munnlegt próf<br>Hlustunarverkefni<br>Ritunarverkefni |
| 9.-13. | 27. febrúar-31. mars | • Áhugasviðsverkefni. Lesið efni og unnin kynning, skrifleg og munnleg á viðfangsefni sem tengist áhugasviði nemanda.<br>• Lesskilningur, ritun og málnotkun<br>• Skáldsaga (léttlestur) og verkefni | Hlustunarverkefni<br>Ritunarverkefni<br>Munnleg kynning<br>Lesskilningspróf |
| 15.-18. | 12. apríl – 5. maí | • Lesskilningur, ritun og málnotkun<br>• Hlustun og áhorf<br>• Dagbókarskrif og önnur ritun<br>• Málfræðiverkefni | Munnlegt próf<br>Málfræðipróf<br>Hlustunarpróf |
| 19.-22. | 8. maí – 30. maí | Ekkert lokapróf en öllum verkefnum þarf að vera lokið með lágmarkseinkunn | |

**Sérreglur áfangans:** Ekkert lokapróf er úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum námsþáttum og próf eftir atvikum. Námsmat fer fram alla önnina.

**Námsmat (skilaverkefni):**
Talað mál og hlustun: 25%
Lesskilningur: 25%
Ritun: 25%
Skilaverkefni - *Áhugasviðsverkefni:* 15%
Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**
Janúar 2023
Sigþrúður Harðardóttir